

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

*Deiliskipulag íbúðarbyggðar í Grænumýri og breyting úr iðnaðarhverfi.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð í Grænumýri á svæði sem skipulagt hafði verið fyrir iðnaðarstarfsemi í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Heimilt verður að byggja 57 íbúðir í fjölbýli og raðhúsum.

*Breyting á deiliskipulagi í Laugabólslandi fyrir Breiðufit í Mosfellsdal.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Laugabólslandi fyrir Breiðufit í Mosfellsdal í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Eftir breytingu verður heimilt að byggja við núverandi hús og reisa hesthús á lóðinni.

*Deiliskipulag spildu úr landi Laxness í Mosfellsdal.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi spildu úr landi Laxness í Mosfellsdal í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í skipulaginu felst heimild til byggingar á íbúðarhúsi fyrir starfsmenn, bílskúr, smiðju og viðbyggingu við gestamóttöku.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 27. október 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005